

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútbegsráðuneytið, 17. júlí 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 343 28. nóvember 1974, fyrir
Vatnsveitu Grímseyjarhrepps.

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1973.

Upphæð vatnsskatts skal vera 1% af framangreindu mati, þó aldrei lægri en kr. 7 500.00 fyrir hverja skattskylda fasteign.

Vatn má einnig selja um mæli og skal gjaldið þá vera:

a. til skipa, kr. 60.00 fyrir hverja smálest.

b. til annarra nota, kr. 50.00 fyrir hverja smálest.

Gjöld fyrir önnur vatnsnot en að framan greinir skulu fara eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samín er af hreppsnefnd Grímseyjarhrepps og samþykkt á almennum hreppsnefndarfundi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur í Reyðarfjarðarkauptúni.

1. gr.

Húseigendur í Reyðarfjarðarkauptúni skulu greiða til sveitarsjóðs Reyðarfjarðarhrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi.

Gjöldin skal miða við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m³ eins og hann er 1. nóvember ár hvert í vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

Gjöldin eru sem hér segir:

A. 1. Einbýlishús m/bifreiðageymslu að	500 m ³	1,2%
2. Parhús, tvíbýlishús og raðhús á 1 hæð að	400 m ³	1,0%
3. 2ja hæða hús með allt að 4 íbúðum og raðhús á 2 hæðum að	400 m ³	0,8%
4. Fjölbýlishús á 2 hæðum eða fleiri með fleiri en 4 íbúðum að	300 m ³	0,4%
5. Verslunar- og skrifstofuhús		0,8%
6. Iðnaðarhús og vörugeymslur		0,6%
7. Fyrir umframstærðir í íbúðarhúsum skal greiða 20% meir en að framan getur fyrir hvern m ³ .		

Ef byggt er við eldra hús skal aðeins greiða af stækkun fram yfir lágmarksstærð.

- B. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 40.00 af hverjum m² lóðar.
 C. Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá byggingarvisitölu, sem í gildi er 1. nóvember það ár þegar lagning bundins slitlags fer fram. Gatnagerðargjald við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið lagt á við gildistöku þessarar reglugerðar skal miðað við byggingarvisitölu 1. nóvember 1974. Til útreiknings skal nota magntölur fasteignamatsins (m³ húsnaðis og m² lóðar).

3. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal greitt á fimm árum með jöfnum afborgunum. Gjald dagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn ári eftir að lagning bundins slitlags fer fram. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, næstu tvö ár eftir gjalddaga og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.